



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Holt

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans : Virðing – umhyggja - samstarf.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat - Hóll.....	4
3 Innra mat - Bakki	5
4 Innra mat – Sel.....	5
5 Innra mat – Stóra-Fell	7
6 Innra mat – Litla-Fell.....	8
7 Innra mat – Berg.....	9
8 Ytra mat	10
9 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	12
10 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	12
11 Foreldrasamvinna.....	12
12 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	13
13 Fylgigögn.....	14
13.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	14
13.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal 2020-2021	14
13.3 Fylgiskjal 3 - Talmeinafræðingar, markmið	14
13.4 Fylgiskjal 4 - Samstarfsáætlun	14



Leiðarljós leikskólans : Virðing – umhyggja - samstarf

1 Greinargerð leikskólastjóra

Síðastliðinn vetur var auðvitað einstakur og því fór nánast allt skipulagt starf eftir áramót úr skorðum eða hreinlega féll niður. Þetta var mikið lærdómsferli sem við gengum í gegnum. Fyrst verkfall Eflingar og öll sú skerðing sem það hafði í för með sér fyrir börn og fjölskyldur þeirra og svo COVID-19.

En leikskólinn sýndi það og sannaði enn og aftur, að hann er ótrúlega aðlögunarfær, kannski um of. Þetta gekk í flestum tilfellum vel, en fólk var þreytt og jafnvel hrætt í sumum tilfellum. Ég er mjög stolt og ánægð með mitt fólk, það stóð sig eins og hetjurnar sem og það er.

Við vorum stutt á veg komin með okkar vinnu í Menntastefnunni þegar verkfall og veira stoppuðu flest allt. Við ákváðum að taka fyrir félagsfærni barna. Tókum upp Vináttuverkefni Barnaheilla, Blæ bangsa. Hann mætti til okkar í október með slökkviliðinu sem kom með blikkandi ljósum og sírenum. Börnunum þótti það, að sjálfsgöðu frábært. En við munum halda áfram með þessa vinnu næsta vetur, félagsfærni og vináttuna.

Ótrúlega gott og gaman að sumarið sé komið, flestir fara glaðir í sumarfrí og endurnæra sig fyrir komandi vetur ... sem verður vonandi mun „venjulegri“, ef það er hægt að segja svo um leikaskólalífið.



2 Innra mat - Hóll

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Halda áfram með málræktarkennslu	Börn komi betur undirbúin í grunnskólan.	Í gegnum leik, saman með hópnum	Deildarstj og starfsm	Ágú 19	Maí 21	Deildarfundir reglulega með starfsm	Að börnin standi betur í íslensku máli
Kenna tilfinningar og félagsleg samskipti milli barna á Hóli	Börn geti skilgreint tilfinningar sínar og líðan börn læri að tala saman og tjá skoðanir sínar	Samræður Skipulögðum stundum Þemaskipt verkefni þjálfunarverkefni fyrir skólahópinn	Deildarstj og starfsm	Ágú 20	maí 21	Deildarfundir reglulega með starfsm Hafa fund með börnum um samskipti á deildinni 1x í mánuði	Börnin séu hamingjusöm og glaðir einstaklingar sem þekki sjálfa sig og réttindi sín, geti viðrar og tjáð tilfinningar sínar.
Réttindi barna Barnasáttmáli SP	Börn þekki réttindi sín	Samræður Skipulögðum stundum Þemaskipt verkefni þjálfunarverkefni fyrir skólahópinn	Deildarstj og starfsm	Ágú 20	maí 21	Hafa fund með börnum um samskipti á deildinni 1x í mánuði.	Að börnin þekki réttindi sín

Greinagerð deildarstjóra á Hóli um starfið

Á Hóli starfa tveir starfsmenn og einn stuðningfulltrúi. Flest börnin á deildinni eru af erlendum uppruna, þrjú börn eru íslensk, önnur börn koma frá sex öðrum þjóðernum. Helstu markmið í skólaþróun var að halda áfram að efla íslenskukennslu barna í leikskólanum. Í vetur héldum við áfram samstarfi við talmeinafræðinga sem starfa með okkur hér í skólanum í tengslum við Okkar Mál. Unnum við áfram með þeim í því að efla íslenskukennslu á deildinni. Að auki tókum við upp bangsann Blær sem er kennsluverkefni gegn einelti. Við ætluðum að taka upp Book Crator í vetur en það gekk ekki eftir. Vegna verkfalls og Covid- 19 varð ekki af sumum verkefnum sem elstu börn leikskólans taka þátt í.

3 Innra mat - Bakki

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að halda áfram með málræktarverk efni frá talmeinafræð.	Að börnin bæti sig í íslensku	Málræktarhópar daglega	Deildar stj og starfsfólk	Sep 20	maí 21	Deildarfundir Samtöl við börnin	Að börnin bæti sig í íslensku
Halda áfram að efla börnin í félagsfærni. Fara í vinnu með tilfinningar með börnunum	Að börnin eflist í félagsleg um samskiptum og að þekkja tilfinningar sínar	Æfa samskiptareglur með börnunum og ræða tilfinningar. Blær og tilfinningaspjald og umræður í samverustundum um tilfinningar.	Deildar stj og starfsfólk	Sep 20	maí 21	Deildarfundir Samtöl við börnin Vegna verkfalls og Veiru höfum við ekki geta haldið fundi. En okkur finnst samskipti mikið hafa lagast börnin eru betur meðvituð um líðan sína og annarra.	Börnin séu hamingjusöm og glaðir einstaklingar sem þekki sjálfa sig og réttindi sín, geti viðrar og tjáð tilfinningar sínar.

Greinagerð deildarstjóra á Bakka um starfið

Á Bakka eru 2 og ½ starfsmaður með 17 börn 4-5 ára frá 8 þjóðum. Við förum í 3 málræktarhópa á hverjum degi og börnin fara á 3 svæði með mismunandi verkefni. Við ræðum saman um tilfinningar bæði þess sem meiddur er og þess sem meiðir. Við hvetjum börnin til sjálfstæðis í að klæða sig, salernisferðir og annað slíkt. Við ræðum í umsjónarmanni daglega hvaða dagur er mánuður, veður og klæðnaður til útiveru. Börnin skiptast á með hlutverk daglega umsjónarmann, teljara, sópstjóra, huggara, bókaþjón, þvottaþjón og ávaxtastjóra. Það er mikill spenningur að fá hlutverk. Við höfum haft Stjörnu vikunnar þá er eitt barn stjarna í viku og kemur með myndir að heiman, leikfang, býður foreldrum í morgunmat og kemur með bók að heiman sem er lesin fyrir hópinn.

4 Innra mat – Sel

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Íslenskukennsla	Almenn málörvun og bætt	Markviss kennsla í litlum hópum	Deildar stj og starfsm	Sept 20	Júní 21	EFI -2 Málþroska-skimun. Bein kennsla,	Sjáum að orðaforði hefur aukist og þekking á



	íslensku kunnátta	og í gegnum daglegt starf á deildinni .				könnun á orðaforða og málskilning. Umræður á deildarfundum og starfsdögum.	stöfum og tölum jókst mikið. Ætlum við að halda áfram að vinna með þessa þætti ásamt því að börnin nái meiri færni í almennri íslenskukunnát tu.
Bókasafn	Fara oftár í sögustund í Bókasafnið	Fara einu sinni í mánuði í sögustund	Deildar st og starfsm	Sept 20	Sept 21	Skrá hvernig hver stund gengur og taka ljósmyndir. Umræður á deildarfundum	Að börnin læri að fara á bókasafnið og hvað hægt er að gera þar t.d. hlusta á sögur, skoða bækur o.fl.
Gönguferðir	Fara oftár í gönguferðir eða vettvangsferðir út fyrir leikskólann.	Fara tvisvar í mánuði í einhverja ferð.	Deildar st og starfsm	Sept 20	Sept 21	Skrá niður hvernig hver ferð gekk, taka ljósmyndir, spyrja börnin hvernig þeim fannst í ferðinni. Umræður á deildarfundum	Að börnin læri að fara saman í ferðir og skoða aðra staði.

Greinagerð deildarstjóra á Seli um starfið

Á Seli starfa þrír starfsmenn. Flest börnin á deildinni eru af erlendum uppruna. Fimm börn eru íslensk, önnur börn koma frá sex öðrum þjóðernum. Helstu markmið í skólaþróun var að halda áfram að efla íslenskukennslu barna í leikskólanum. Í vetur héldum við áfram samstarfi við talmeinafræðinga sem starfa með okkur hér í skólanum í tengslum við Okkar Mál. Unnum við áfram með þeim í því að efla íslenskukennslu á deildinni.

5 Innra mat – Stóra-Fell

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Starna vikunnar	Að þetta verði gert vikulega	Að festa í sessi og gera vikulega. Setja í dagskipulag	Deildarstjóri og starfsmenn	Sep 20	Maí 21	Umræða á deildarfundum	Börnin upplifa að vera með athyglina á sér og fá að kynna eitthvað sem er þeim kært.
Gönguferðir	Fara oft í gönguferðir með börnin. Skoða náttúruna, rannsókn á veðurfrumum. Safna náttúrulegu efnum.	Festa í sessi, setja markmið fyrir veturinn	Deildarstjóri, starfs. á deildinni	Sep 20	Maí 21	Umræða á deildarfundum	Æfa börnin að ganga í hóp. Skipta um umhverfi.
Ferðabangsin Bóbó	Bóbó bangsi fer að heimsækja börn.	Festa í sessi, setja í dagskipulag	Deildarstjóri, starfs. á deildinni	Sep 20	Maí 21	Umræða á deildarfundum	Bera ábyrgð á bangsa heima og segja frá
Blær bangsi	Hafa reglulegar stundir með Blæ bangsa 2x í viku sögur-spjöldin.	Kenna börnunum að sýna umhyggju og bera virðingu fyrir margbreytileika.	Deildarstjóri, starfs. á deildinni	Sep 20	Maí 21	Umræða á deildarfundum	Læra að sýna umhyggju og bera virðingu fyrir öðrum

Greinagerð deildarstjóra á Stóra-Felli um starfið

Á Stóra-Felli eru 11 börn og 2 starfsmenn. Meirihluti barnanna er að læra tvö eða fleiri tungumál. Það eru níu tungumál hjá börnum og starfsfólki á Stóra-Felli.



6 Innra mat – Litla-Fell

UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gönguferðir	Fara með börnin oftár út úr garðinum. Nýta umhverfið í kring, fara í garðinn í Stóra Holti.	Festa í sessi, setja í dagskipulag	Allir starfsmenn deildarinnar.	Sep 20	Vor 21	Umræða á deildarfundum	Æfa börnin að ganga í hóp. Skipta um umhverfi.
Umsjónarmaður	Leggja á borð. Fara yfir hvaða dagur er, hvernig veðrið er og í hvað á að klæða sig.	Festa í sessi, setja í dagskipulag	Allir starfsmenn deildarinnar. Deildarstjóri sér um að koma þessu af stað.	Sep 20	Vor 21	Ræða saman hvort að þetta sé að ganga upp. Undirbúa sýnilegt námsefni fyrir börnin.	Að börnin fá tækifæri til leggja á borð og segja börnunum hvað sé í matinn. Að þau læri dagana og að klæða sig eftir veðri
Stjarna vikunnar	Að hafa þetta reglulega yfir veturinn	Kynna verkefnið fyrir starfsmönnum og foreldrum.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Sep 20	Vor 21	Rætt saman á deildarfundum og hvernig þetta sé að ganga.	Að börnin fá að njóta sín sem stjarna vikunnar
Könnunarleikur	Að börnin fari vikulega í könnunarleikinn	Fá afnot af annarri deild svo það sé meira pláss og getum skipt hópnum	Deildarstjórar á deildum ræða skiptingu á rýminu.	Sep 20	Des 21	Rætt saman á deildum og milli deildarstjóra hvernig gengur að skipta rýminu.	Að öll börnin á deildinni fá að fara í könnunarleik í hverri viku.

Greinagerð deildarstjóra á Litla-Felli um starfið

Á Litla-Felli eru 11 börn og 2 starfsmenn. Meirihluti barnanna er að læra tvö eða fleiri tungumál. Það eru átta tungumál hjá börnum og starfsfólki á Litla-Felli.



7 Innra mat – Berg

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Vinastund	Hafa vinastund í 1x viku yngri deildar saman	Festa í sessi, setja í dagskipulag	Deildastjórar og starfsfólk.	Sep 20	Vor 21	Deildarstjórar ræða sín á milli hvort að þetta gangi.	Að börnin fá að hittast og syngja saman. Þessu markmiði var náð og ætlum við að halda því áfram.
Umsjónarmáður	Leggja á borð. Fara yfir hvaða dagur er, hvernig veðrið er og í hvað á að klæða sig	Fara í umsjónarmann á hverjum degi.	Allt starfsfólk á deild	sept 20	Vor 21	Rætt saman á deildarfundum og talað um hvort að þetta gangi.	Að börnin læri dagana, viti í hvaða föt þau eigi að fara í og fá að leggja á borð. Tókst í smástund og getum bætt á okkur á næsta skólaári.
Könnunarleikur	Að börnin fari vikulega í könnunarleikinn	Skipta börnunum í hópa og allir fá að fara í könnunarleik	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Vor 20	Vor 21	Rætt saman á deildarfundum.	Að öll börn fá að komast í könnunarleik í hverri viku. Þessu markmiði náðum við ekki. Ætla að halda áfram á



							næsta skólaári.
Hópastarf	Að allir fari í hópastarf daglega	Skipta börnunum í hópa	Deildarstjóri og hópstjórar	sep 20	Vor 21	Rætt saman á deildarfundum	Að öll börn fái að vinna í minni hópum. Hámark 4 börn í hverjum hópi.
Blær	Festa í sessi stundir með Blæ	Sýna umhyggju og bera virðingu fyrir margbreytileikunum. Hér læra börn að setja sér mörk, vera hugrökk og bregðast við órétti sem aðrir eru beittir.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Sep 20	Vor 21	Rætt saman á deildarfundum.	Skoðum kassann, lesum sögu og hlustum á tónlistina.

Greinagerð deildarstjóra á Bergi um starfið

Á deildinni eru 12 börn og 3 starfsmenn. Það eru tíu tungumál hjá börnum og starfsfólki á Bergi. Aðlögun var skipt í tvo hópa. Notast var við þátttökuaðlögun þar sem foreldrar eru með börnunum í þrjá daga. Það gekk mjög vel.

Alla dagana vorum við að fara í hópastarf (hópstjóri planar fyrir sín hóp) og eftir það var útivera.

Við erum að kenna krökkunum stafina og notum við til dæmis Lærum og leikum með hljóðin. Í leikskólanum vorum við að bjóða foreldrar í jólakaffi, sumarhátíð.

Það voru líka öðruvísidagar t.d. boltadagur, náttfata dagur, bangsadagur, blárdagur.

Við fórum í strætóferð í Hólmasel.

8 Ytra mat

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

Tala meira við börnin í öllum daglegum athöfnum	Að allt starfsfólk temji sér að tala meira við öll börn, setja orð á allar athafnir, allan daginn	Allir æfa sig og aðstoða hvert annað	Allir starfsmenn	Sep 20	Vor 21	Umræður á deildarfundum og starfsdögum yfir veturinn	Fræðsla frá talmenafræðingum hefur hjálpað þarna til. Verður endurtekið
Halda áfram að festa í sessi verkefnið með talmeinafræðingum	Að halda áfram að vinna með efni í málörvun og að starfsmenn verði öruggari í sinni vinnu	Allir æfa sig og aðstoða hvert annað	Allir starfsmenn	Sep 20	Vor 21	Umræður á deildarfundum og starfsdögum yfir veturinn	Þetta er að ná góðri fótfestu, en það þarf alltaf að vera á tánum og með stöðuga fræðslu og endurtekningar á fræðslu
Auka félagsfærni barnanna - Blær vináttuverkefni	Að festa í sessi vinnu með Blæ og vináttuna	Samvinna og aðstoða hvert annað	Allir starfsmenn	Sep 20	Vor 21	Umræður á deildarfundum og starfsdögum yfir veturinn	Náðum ekki að byrja almenninglega, byrjum aftur í haust á öllum deildum
Samskiptasamningur starfsmanna	Starfsmenn verði í betri og meiri samskiptum við hvert annað	Ætlum að aðstoða hvert annað við að ná þessu	Allir starfsmenn	Vor 20	Vor 21	Ræðum á starfsdögum og á deildarfundum	Gerðum samning í vor um betri samskipti ... allir ætla að vanda sig og gera betur



9 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Starfsþróunarsamtöl fóru fram í byrjun maí sl. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tók þau saman, skiptu hópnum á milli sín.
- Fræðsla 2019-2020 var takmörkuð við fyrri part árs og hér eru dæmi :
 - Deildarstjórar – námskeið vegna Blæ bangsa
 - Leiðtogaskólinn – hluti deildarstjóra
 - Hópefli frá KVAN – allir starfsmenn
 - Námskeiðsdagur leikskólastjóra - leikskólastjóri
 - MasterMind fundir – leikskólastjóri
 - Trúnaðarmannanámskeið Eflingar – trúnaðarmaður starfsmanna í Eflingu
 - Ráðstefna, Efling – trúnaðarmaður starfsmanna Eflingar
 - Ráðstefna KÍ– leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
 - Handleiðsla – deildarstjóri í FL
 - Fræðslufundur fjölmennning - verkefnastjóri
 - Stjórnendadagurinn í Hörpu – stjórnendur
 - Fræðsla frá Barnaheil, Vináttuverkefnið Blær bangsi - allir
 - Snerpumátöl – leikskólastjóri
 - Málörvun - talmeinafræðingar með fræðslu. Okkar mál verkefnið – allir starfsmenn
 - Fræðsla vegna málörvunar-skipulag og framkvæmd, talmeinafræðingar – allir starfsmenn
 - Menntastefna og vinnustofa – allir starfsmenn
 - Skyndihjálp fyrir starfsmenn – allir starfsmenn
 - Tónskólinn, Barnamenningarhátíð – starfsmenn á elstu deild

10 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

- Nemendur úr 9. og 10.bekk Fellaskóla hafa verið að koma í starfsnám í leikskólann Holt í mörg ár. Það er alltaf jafn ánægjulegt að fá að taka á móti þessum frábæru krökkum og svo verður áfram.
- Elstu börnin í Holti og Ösp fara vikulega saman í íþróttasalinn í Fellaskóla undir leiðsögn íþróttakennara frá ÍR. Starfsmenn aðstoða í þessum stundum.
- Börn úr 5.bekk Fellaskóla koma og lesa á mörgun tungumálum fyrir börnin í leikskólanum
- Talmeinafræðingar - markmið, fylgiskjal 3
- Samstarfsáætlun, fylgiskjal 4

11 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð og foreldrafélag var sameinað í eitt þennan vetur vegna dræmar þátttöku foreldra. 4-5 foreldrar eru í ráðinu og félaginu, kosið var á haustfundi foreldra. Fundir verið fáir yfir veturinn, samskipti hafa meira farið fram með rafrænum hætti, s.s. í tölvupósti eða á Facebook síðu hópsins.
- Foreldrafundir ; haustfundir foreldra voru í byrjun október. Fundunum var skipt eftir húsum og voru fyrir hádegi. Mjög góð mæting var á fundina



- Foreldraviðtöl ; Fyrsta viðtal, þegar barnið byrjar í leikskólanum, er við leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra og svo viðkomandi deildarstjóra í aðlögun. Árleg viðtöl eru á vorönn, við viðkomandi deildarstjóra. Kveðjuviðtal er svo þegar börnin hætta og fara í grunnskólann við viðkomandi deildarstjóra. Einnig geta foreldrar ávallt óskað eftir viðtali eftir þörfum, sem og leikskólinn við foreldrana.

- Þátttökuaðlögun byggir á nánu foreldrasamstarfi og er orðið fast í sessi hjá okkur. Öryggi og ánægja starfsmanna og foreldra eykst með hverju ári. Þetta er aðferð sem er komin til að vera. Við endurmetum aðferðina í starfsmannahópnum á hverju hausti og bætum það sem betur má fara. Í vetur höfum við verið að skoða á hvaða vikudegi er best að byrja þátttökuaðlögun. Bókin mín er dæmi um góða viðbót á þessari samvinnu.

- Facebook síða leikskólans gengur mjög vel og þar erum við sérstaklega að ná vel til erlendu foreldranna okkar. Hver deild er komin með sér hóp þar inni og einnig foreldrafélagið. Ákveðið var að hafa einungis jákvæðar fréttir þarna inni. Mikil upplýsingagjöf fer þar fram. Náum strax til foreldra þarna í gegn og getum fylgst með að þau sjái fréttirnar.

- Ný VALA er skemmtileg viðbót í foreldrasamvinnunni. Að geta sent tölvupósta á alla foreldra eða bara eina og eina deild er mjög þægilegt og sparar mikla vinnu í að búa til netfanga lista. En við bíðum þó enn eftir ansi mörgum atriðum sem enn á eftir að virkja eða laga.

- Ný heimasíða ? Bíðum enn eftir nýrri heimasíðu svo við getum gert betur á þeim vettvangi. En núverandi heimasíða er gömul, hæg og ekki hægt að setja inn myndir. Og þar sem myndir eru ekki á Facebook lengur, þá verðum við að hafa gott aðgengi fyrir foreldra hvað það varðar.

12 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- Starfsdagar veturinn 2020-2021
 - 28.ágúst – farið yfir skipulag vetrar
 - 9.október – Betra Breiðholt, sameiginlegur starfsdagur leik-, grunn- og frístund
 - 20.nóvember – sameiginlegur dagur allra leikskóla í Breiðholti
 - 4.janúar – sameiginlegur dagur með Ösp og Fellaskóla
 - 5.mars – fræðsla og endurmat
 - 10.maí – Allir starfstaðir SFS í RVK



13 Fylgigögn

13.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

13.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal 2020-2021

13.3 Fylgiskjal 3 - Talmeinafræðingar, markmið

13.4 Fylgiskjal 4 - Samstarfsáætlun



Halldóra B. Gunnlaugsdóttir, leikskólastjóri

Leikskólinn Holt

Völvufelli 7-9

111 Reykjavík

holt@rvkskolar.is / habg02@rvkskolar.is

411-3330 / 693-9882



Starfsáætlun 2020 – 2021

Leikskólinn Holt



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Aldís Coquillon
Ágúst Georg Csillag
Justyna Wegierska
María Björk Jónsdóttir
Nohe Rodríguez

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Engar athugasemdir né umsagnir komu frá foreldraráði.



Samband íslenska
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: **HOLT**

Ágústi	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ Aðilgún	1 F	1 S	1 Þ Frelsdagurinn	1 F Nýttársdagur	1 M	1 M	1 F Stundagur	1 L Veiðidagurinn	1 Þ	1 F
2 S	2 M Aðilgún	2 F	2 M	2 M Undirgripur á milli hluta	2 D	2 Þ	2 Þ	2 F Frelsdagurinn hefur	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 M	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M Starfsgumur	4 F	4 F	4 S Frelsdagur	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 D	5 F Dagur samræðninn	5 F Starfsgumur	5 M Kvinnur í atvinnu	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ Frelsdagurinn	6 F	6 S	6 M Þrettándinn	6 L Dagur Elíasdóttur	6 L	6 Þ	6 F	6 S Elginnastíggurinn	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 S	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M Áspaut
8 L	8 Þ Dagurinn	8 F	8 S	8 Þ	8 M	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F Frelsdagurinn	9 M	9 M	9 Þ	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M Starfsgumur RÚK	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 F	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 F	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 L	13 L	13 L	13 F Undirgripurinn	13 S	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 S	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 M Þrettándinn	15 M Þrettándinn	15 M Þrettándinn	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 Þ Stundagurinn	16 Þ Stundagurinn	16 Þ Stundagurinn	16 F	16 S	16 M Samhildir Holt	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 F	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ Frelsdagurinn	20 F	20 S	20 L	20 L	20 L	20 F	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 S	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 M	22 M	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 Þ	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F
24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 M	24 M	24 M	24 F	24 L	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 F	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 M	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 L	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 S	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M
31 M	31 L	31 M	31 F	31 F	31 S	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M

Talmeinafræðingar – markmið 2019-2020



Okkar mál

Samstarf um menningu,
mál og læsi í Félakvæði

Fataþema.

Verkefni fyrir tímabilið 23.sept – 11.okt.



Yngstu börnin

- Auðlesnar bækur – myndabækur, Mími fer í fót.
- B hljóð - Lærum og leikum með hljóðin (App)/Lubbi.
- Stafurinn B - Georg & félagar.
- B saga úr bókinni *Það kemur Saga út úr mér* eftir Herdís Egilsdóttur.
- Söngvar um fatnað. • Tölustafir.

Eldri börnin

- Orðaforðabíngó og orðaforðaspil.
- Bitsboard (App).
- B hljóð – Lærum og leikum með hljóðin (App)/Lubbi.
- Stafurinn B - Georg & félagar.
- B saga úr bókinni *Það kemur Saga út úr mér* eftir Herdís Egilsdóttur.
- Finna orð sem byrja á B, dæmi: hver á stafinn B?
- Söngvar um fatnað. • Tölustafir.



Okkar mál

Samstarf um menningu,
mál og læsi í Félakvæði

Dýraþema.

Verkefni fyrir tímabilið 2. – 20. sept.



Yngstu börnin

- Auðlesnar bækur – myndabækur, Mími og dýrin.
- M hljóð - Lærum og leikum með hljóðin (App).
- Stafurinn M - Georg & félagar.
- M saga úr bókinni *Það kemur Saga út úr mér* eftir Herdís Egilsdóttur.
- Söngvar um dýr.

Eldri börnin

- Orðaforðabíngó og orðaforðaspil.
- Bitsboard (App).
- M hljóð – Lærum og leikum með hljóðin (App) / Lubbi.
- Stafurinn M - Georg & félagar.
- M saga úr bókinni *Það kemur Saga út úr mér* eftir Herdís Egilsdóttur.
- Finna orð sem byrja á M, dæmi: hver á stafinn M?, Mmmm segjum við þegar það er gott í matinn.
- Söngvar um dýr. • Super Duper spil.





OKkar mál

Samtíð um menningu,
mál og lesi í Félagsverki

Líkamsheiti.

Verkefni fyrir tímabilið 14.okt – 1.nóv.




Yngstu börnin

- Orðaforðabækur og bækur um líkamann.
- D hljóð - Lærum og leikum með hljóðin (App).
- Stafurinn D - Georg & félagar.
- D saga úr bókinni *Það kemur Saga út úr mér* eftir Herdís Egilsdóttur.
- Söngvar um líkamann.

Eldri börnin

- Orðaforðabíngó og orðaforðaspil – líkaminn.
- Bitsboard (App).
- D hljóð – Lærum og leikum með hljóðin (App) / Lubbi.
- Stafurinn D - Georg & félagar.
- D saga úr bókinni *Það kemur Saga út úr mér* eftir Herdís Egilsdóttur.
- Finna orð sem byrja á D, dæmi: hver á stafinn D?
- Söngvar um líkamann. • Tölustafir • Super Duper spil.



OKkar mál


Samtíð um menningu,
mál og lesi í Félagsverki

Leikföng.

Verkefni fyrir tímabilið 4. – 22.nóv.

Yngstu börnin

- Orðaforðabækur og bækur um leikföng.
- Bitsboard – skoða t.d. Orðaleikur, leikföng o.fl.
- N hljóð - Lærum og leikum með hljóðin.
- Stafurinn N - Georg & félagar.
- Málhljóðið N í bókinni *Lubbi finnur málbein*.
- N saga úr bókinni *Það kemur Saga út úr mér* eftir Herdís Egilsdóttur.
- Dótið mitt úr bókinni *Fyrsta orðabókin, allt um mig*.
- Söngvar (tákn með tali) um leikföng.
- Tölustafir.
- Finna orð sem byrja á N... hver á stafinn N?



4. – 22.nóv
Leikföng og N

Verkefni í samvinnu við talmeinafræðingana




Leikföng og N hljóðið

- Yngstu börnin – orðaforðabækur og Mimi fer í leikskólann, söngvar, leikföng og spil.
- Eldri börnin : orðaforðabingó, orðaforðaspil, söngvar, leikföng og spil.

Kæru foreldrar. Verið dugleg að ræða við börnin um leikföng, á ykkar tungumálum og æfa N hljóðið.

25.nóv - 13.des
Matur og L

Verkefni í samvinnu við talmeinafræðingana




Matur og L hljóðið

- Yngstu börnin – orðaforðabækur og Mimi fær sér að borða, söngvar, búðarleikur með plat mat, leikföng og spil.
- Eldri börnin : orðaforðabingó, orðaforðaspil, söngvar, búðarleikur með plat mat, leikföng og spil.

Kæru foreldrar. Verið dugleg að ræða við börnin um mat, á ykkar tungumálum og æfa L hljóðið.

27. jan - 14. feb
Hlutir á heimili og P

Verkefni í samvinnu við talmeinafræðingana



Hlutir á heimili og P hljóðið

- Yngstu börnin – orðaforðabækur, Appið: Lærum og leikum með hljóðin.
- Eldri börnin : orðaforðabingó, orðaforðaspil, Appið: Lærum og leikum með hljóðin.

Kæru foreldrar. Verið dugleg að ræða við börnin um hluti á heimili, á ykkar tungumálum og æfa P hljóðið.

30. mars - 17. apríl
Páskar og stafurinn F

Verkefni í samvinnu við talmeinafræðingana



Páskar og F hljóðið

- Yngstu börnin – orðaforðabækur og einfaldar bækur, söngvar, leikföng, spil og appið: Lærum og leikum með hljóðin
- Eldri börnin : orðaforðabingó, orðaforðaspil, söngvar og appið: Lærum og leikum með hljóðin.

Kæru foreldrar. Verið dugleg að ræða við börnin um páskana á ykkar tungumálum og æfa F hljóðið.

21. apríl – 8.maí

Starfsheiti og J

Verkefni í samvinnu við talmeinafræðingana



Starfsheiti og J hljóðið

- Yngstu börnin
 - Lesa einfaldrar bækur
 - Georg og félagar (App): stafurinn J
 - Stafurinn J í Lærum og leikum með hljóðin (App)
- Eldri börnin
 - Fara yfir starfsheiti
 - Lesa Bækur
 - Stafurinn J í Lærum og leikum með hljóðin (App)
 - Georg og félagar (App): stafurinn J og hægt að fara yfir tölustafina

Kæru foreldrar. Verið dugleg að ræða við börnin um starfsheiti, á ykkar tungumálum og æfa J hljóðið.

13. - 29. maí

Litir, form og G

Verkefni í samvinnu við talmeinafræðingana



Litir, form og G hljóðið

- Yngstu börnin
 - Orðaforðalisti
 - Bitsboard (App) – Georg og félagar (App)
 - Lærum og leikum með hljóðin (App)
- Eldri börnin
 - Orðaforðabíngó og orðaforðaspil
 - Bækur, t.d. Stafrófið e. Heiðu Björk
 - Bitsboard (App)
 - Lærum og leikum með hljóðin (App)
 - Georg og félagar (App)

Kæru foreldrar. Verið dugleg að ræða við börnin um liti og form, á ykkar tungumálum og æfa G hljóðið.



1. Tímarammi samstarfsáætlunar 2019-2020

Mánuður	Atburður	Markmið	Ábyrgð - Mat og skráning	Umsjón	Tími
Ágúst	Verkefnastjórn fara yfir tímasetningar og áherslur vetrarins. Starf í sept. undirbúið	Að skipuleggja samstarf vetrarins	QM-verkefnastjórn - Fundargerð	V.STJÓR AR + 1.b. kennarar	28. ágúst kl. 13
September	Deildarstjórn leikskólana velja lög fyrir Dag ísl. tungu.	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum og skipuleggja samstarfið.	- Upplýsingum miðlað til QM-verkefnastjóra	DEILDAR STJÓRAR L	
	Deildarstjórn og 1. bekkjarkennarar skipuleggja heimsókn 1. bekkjar	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum QM-verkefnisins.	QM-verkefnastjórn - Fundargerð	DEILDAR STJÓR OG KENN	
Október	1. bekkur heimsækir leikskólana. Börnin sækja söngbókina sína og taka þátt í frjálsum leik. Auka söngbækur til ef vantar.	Að nemendur finni samfellu og öryggi við skólaskiptin. Að kennarar 1. bekkjar kynnist starfi leikskólans. Að auka vægi söngs í 1. bekk.	Verkefnastjórn á leikskólunum - Myndefni á vef - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað	DEILDAR STJÓR OG KENN	
Nóvember	Verkefnastjórn skipuleggja starfið í nóvember	Að skipuleggja samstarfið og fræðslu á starfsdegi	QM-verkefnastjórn - Fundargerð	V.STJÓR AR	
	Heimsóknir milli leikskóla. Börnin hittast og syngja saman lög fyrir Dag íslenskrar tungu	Að verðandi skólafélagar kynnist og skapi tengsl	Deildarstjórn HÖF - Myndefni á vef - Deildarstjórn fylla út matsblað	DEILDAR STJÓRAR L	
	Dagur íslenskrar tungu. Leikskólabörn af báðum leikskólum syngja saman í athöfn í Fellaskóla	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum betur.	Stjórnendur og deildarstjórn - Myndir á heimasíðu - Umræða verkefnastjóra	V.STJÓR AR	15. nóv.
Desember	Helgileikur. Leikskólabörnum boðið á generalprufu á helgileik í skóla og í heimsókn inn í 6. bekk	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum enn betur og finni til öryggis þar.	Verkefnastjórn HÖF - Myndir á heimasíðu - Umræða verkefnastjóra	V.STJÓR AR	
Janúar	Verkefnisstjórn fara yfir skipulag vormisseris og undirbúa starfið í jan. og feb.	Að skipuleggja samstarfið	QM-verkefnastjórn - Fundargerð	V.STJÓR AR	

Febrúar	Leikskólabörn koma í smíðjur	Að kynnst húsnaði grunnskólans og starfsemi. Að leikskólabörnin finni öryggi við skólaskiptin. Að kennarar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu.	Verkefnastjórn HÖF - Myndum miðlað á heimasíðu HÖF - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað	V.STJÓR AR	
	Fundur um niðurstöður námsmats 1. bekkja	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið	Deildarstjórn yngsta stigs, deildarstjórn leikskóla, leik- og grunnskólastjórn	DEILDAR STJÓRNI/ SKÓLASTJÓRNI G	
Mars	Verkefnastjórn fara yfir skipulag starfsins í mars	Að skipuleggja samstarfið	QM-verkefnastjórn - Fundargerð	V.STJÓR AR	
Apríl	Leikskólarnir skila grunnupplýsingum um stuðningsbörn v. fristundar.	Að efla upplýsingaflæði milli skólastiga og undirbúa komu leikskólabarna í grunnskólann.	Deildarstjórn á leikskólum, deildarstjórn F, sérkennari og broskapjálfi	V.STJÓR AR	
	Verkefnastjórn fara yfir skipulag starfsins í apríl	Að skipuleggja samstarfið	QM-verkefnastjórn - Fundargerð	V.STJÓR AR	
Maí	Verkefnastjórn endurskoða samstarfsáætlun og undirbúa vorskóla	Að skipuleggja samstarfið með áherslu á valið efni	QM-verkefnastjórn - Fundargerð	V.STJÓR AR	
	Lestur í leikskólum. Nemendur í 5. bekk lesa á ýmsum tungumálum (Íslenska + móðurmál) í leikskóla	Að miðla góðum fyrirmyndum til yngri barnanna og styðja við virkt tvítyngi	Verkefnastjórn QM - Myndir og kynningarefni - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað	V.STJÓR AR	
	3 daga vorskóli og kynning fyrir foreldra. Börnum utan hverfis og foreldrum boðið í heimsóknina	Að börnin kynnist fjölbreyttu starfi skólans og finni til öryggis við skólaskiptin. Að verðandi kennarar 1. b. kynnist nem. og þeir hver öðrum. Að kennarar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu.	Verkefnastjórn HÖF - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað - Myndir á vef og rýni á fundi QM-vsti.	V.STJÓR AR	
	Útskrift leikskólabarna í hátíðarsal Fellaskóla	Að skapa samfellu milli leik- og grunnskólans. Að miðla upplýsingum til foreldra um skólastarfið og auðvelda þeim og börnunum skólaskilin.	Skólastj., deildarstj. og verkefnastj. HÖF - Myndir og kynningarefni - Rýni á fundi QM-verkefnastjóra	V.STJÓR AR	
	Skilafundur milli leik- og grunnskóla			V.STJÓR AR/DEIL DARSTJÓ RAR L	
Júní	Fundur verkefnastjóra QM um mat á samstarfi	Að meta samstarfið á árinu, horfa til framtíðar og senda út rafrænar kannanir til þátttakenda	QM-verkefnastjórn - Í QM-skýrslu skólaársins	V.STJÓR AR	

Ljósblár	Heimsóknir nemenda í leikskóla
Appelsínugulur	Heimsóknir barna í skóla
Grænn	Samráð starfsmanna





Umbótaáætlun 2020-2021

Þar sem aðstæður í samfélaginu hafa verið fordæmalausar undanfarið, verður innra mat og umbótaáætlun Holts nánast sú sama og árið þar á undan.

Við ætlum að halda áfram að vinna með félagsfærni og Blæ bangsa, í tengslum við Menntastefnuna. Sú vinna er komin af stað á öllum deildum og þurfum við að festa hana enn frekar í sessi.

Markviss málörvun, vinna með talmeinafræðingum og samstarf við leikskólann Ösp og Fellaskóla heldur áfram og ánægjulegt að hafa fengið styrki til að efla það enn frekar þennan veturinn.

Einnig ætlum við að halda áfram að efla starfsmannahópinn í að tala meira við börnin í öllum mögulegum aðstæðum, setja orð á alla hluti og athafnir og að starfsmenn temji sér það í dagsins önn. Við þurfum líka að vera dugleg að tala betur saman og aðstoða hvort annað. En þessi vinna tengist gildunum okkar í leikskólanum sem eru virðing, umhyggja og samskipti.

Endurmat mun fara fram í almennum umræðum á deildarfundum, í stjórnendateymi sem og á starfsmannafundum reglulega yfir árið.

1. Félagsfærni og Blæ bangsi

Markmiðið með umbótum er að halda áfram að auka félagsfærni barna í leikskólanum, styrkja þau í tjáningu á tilfinningum sínum, standa með sjálfum sér, að sýna umhyggju og vináttu.

Aðgerðir til umbóta : Ætlum að halda áfram með Vináttuverkefnið Blæ bangsa á öllum deildum. Við þurfum að festa það í dagskipulagi, gera bangsana aðgengilega á öllum deildum fyrir börnin og að starfsfólk temji sér að grípa í sögurnar þegar upp koma atvik í barnahópnum. Einnig þannig að börnin muni nýta sér Blæ bangsa í daglegu amstri leikskólalífsins.

Kynna verkefnið fyrir nýju starfsfólki sem og bæta því í starfsmannahandbókina. Foreldrar fá svo kynningu á verkefninu í fyrsta viðtali hjá leikskólastjóra, þegar börnin byrja í aðlögun.

Tímaáætlun : Verkefnið verður í gangi allt árið

Ábyrgðaraðili : Allir starfsmenn bera ábyrgð á að verkefnið haldist gangandi. Stjórnendateymi mun ræða um framgang á fundum og deildarstjórar koma nýju starfsfólki inn í vinnubrögð á deildum.

Endurmat : Fer fram á deildarfundum, stjórnendateymisfundum og á starfsmannafundum eftir þörfum.

Viðmið um árangur : Að börnin verði sterk, sjálförugg, sýni umhyggju og virðingu

2. Markviss málörvun

Markmið með umbótum er að efla börnin í íslensku, málþroska, hugtakaskilning og auka markvisst orðaforða barnanna



Aðgerðir til umbóta : Markviss málörvun á hverjum degi á öllum deildum. Fylgja áfram þemavinnu frá talmeinafræðingum 2 vikur í senn. Áframhaldandi samvinna með Ösp og Fellaskóla.

Tímaáætlun : Verkefnið verður í gangi allt árið

Ábyrgðaraðili : Allir starfsmenn bera ábyrgð á að verkefnið haldist gangandi. Stjórnendateymi mun ræða um framgang á fundum og deildarstjórar koma nýju starfsfólki inn í vinnubrögð á deildum. Verkefnastjóri í málrækt heldur utan um verkefnið og tengir saman vinnu á deildum.

Endurmat : Fer fram á deildarfundum, stjórnendateymisfundum og á starfsmannafundum reglulega yfir árið.

Viðmið um árangur : Að börnin sýni framfarir í málinu, aukinn skilning og fjölbreyttari orðaforða. Vonin er að talmeinafræðingar leggi fyrir börnin orðaforðapróf við byrjun og lok leikskólagöngu, en ósennilegt að það náist á árinu.

3. Samskipti

Markmið með umbótum er að samskipti starfsmanna verði betri og meiri sín á milli og að starfsmenn tali meira við börnin í daglegu starfi og í öllum aðstæðum

Aðgerðir til umbóta : Gerður var samskiptasamningur við alla starfsmenn, þar sem allir samþykktu að taka ábyrgð á sínum samskiptum og að hjálpast að við að gera þau betri. Að efla fræðslu til starfsmanna um mikilvægi þess að vera fyrirmynd og að tala við börn svo þau læri betur málið. Við erum fyrirmyndirnar fyrir hvort annað og börnin.

Tímaáætlun : Verkefnið verður í gangi allt árið

Ábyrgðaraðili : Allir starfsmenn bera ábyrgð á að verkefnið haldist gangandi. Stjórnendateymi mun ræða um framgang á fundum og deildarstjórar koma nýju starfsfólki inn í vinnubrögð á deildum.

Endurmat : Fer fram á deildarfundum, stjórnendateymisfundum og á starfsmannafundum reglulega yfir árið. Lítil starfsmannakönnun verður gerð í vor til að sjá hvernig starfsmönnum finnst hafa tekist til.

Viðmið um árangur : Að starfsmenn tali meira saman, að allir geti tjáð sig frjálst, að virða skoðanir annarra. Hjálpast meira að, vera óhrædd við að minna hvort annað á. Tala meira við börnin, setja orð á alla hluti og gjörðir í gegnum daginn.